

114/00 - M.s. Zuljalal kallm. VRVV3

M.s. Zuljalal siglir á bryggju í Reykjavík

M.s. Zuljalal kallm. VRVV3

Skipaskr.nr.:

Smíðaður: 1978 úr stáli

Stærð: 10.320,00 brl; bt

Lengd: 145,50 m **Breidd:** 21,04 m **Dýpt:** m

Vél: kW **Árgerð:**

Annað:

Földi skipverja: 11

Atvikalýsing

Hinn 1. desember 2000 var m.s. Zuljalal, VRVV3 siglt inn til Reykjavíkurhafnar. Veður: austan 2-3 vindstig, skýjað, 6°C.

Kl. 15:40 kom hafnsögumaður um borð á Ytriþöfn Reykjavíkur og var skipinu siglt áleiðis að Kornbakkanum í Sundahöfn. Til aðstoðar voru tveir hafnsögubátar. Þegar komið var á móts við bryggju Viðeyjarferjunnar gaf hafnsögumaður tilmæli um að stöðva vél og var annar hafnsögubátur tengdur við skipið að framan en hinn var tilbúinn til að ýta á skipið að aftan. Skömmu síðar óskaði hafnsögumaður eftir því að vél væri látin vinna aftur á bak. Er hafnsögumaður taldi að skipið hægði ekki á sér óskaði hann eftir að vélin yrði keyrð á fullu afli aftur á bak samtímis því að hafnsögubáturinn að framan togað skipið yfir til stjórnborða til þess að ná snúningnum inn fyrir grjótgarðinn "Ábóta".

Um það leyti sem skipið kom á móts við ytri enda á Korngarðinum óskaði hafnsögumaður eftir því að bakborðsakkeri yrði látið falla, einn lið á spil. Þrátt fyrir þetta hélt skipið áfram á talsverðum hraða og sigldi á Sundabakka í horninu þar sem Sundabakki og Kornbakkinn mætast. Gat kom á stefni skipsins og einhverjar skemmdir urðu á bryggjunni. Eftir áreksturinn var skipinu lagt að Korngarðinum.

Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri sagðist hafa fylgt leiðbeiningum hafnsögumanns;
- að skipið var búið skiptiskrúfu;
- að við stjórnun skipsins fannst hafnsögumanni óeðlilegt hvað langan tíma tók að draga úr hraða eða stöðva skipið. Sagði hafnsögumaður að svipuð niðurstaða hefði fengist hjá hafnsögumanninum á Akranesi þegar hann fór með skipið til Grundartanga. Taldi hafnsögumaður að um bilun væri að ræða í vélbúnaði eða vanstillingu á búnaði til stillingar á stigningu skrúfu;
- að þeim sem tóku á móti skipinu fannst að óeðlilega lítið skrúfuvatn hefði myndast við að beita vél fullt aftur á bak.

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök atviksins megi líklega rekja til þess að drifbúnaður skipsins hafi ekki verið í fullkomnu lagi.